

Námsstíll – námsháttur – (learning style)

Fólk byggir upp og skipuleggur þekkingu sína (með rökfærslu og lausn vandamála) í þeim tilgangi að skilja betur eigin raunveruleika. Hver og einn hefur tilhneigingu til þess að velja ákveðna aðferð til þess að vinna úr upplýsingum sem berast frá umhverfinu. Með námsstíll eða námshátt (learning map) er einfaldlega átt við það hvernig fólk aðlagar aðferðir sínar að námsaðstæðum. Þannig gefur námstíll nemandans til kynna hvernig honum finnst best að læra.

Það eru til margvíslegar aðferðir við að læra og sem kennara eða foreldri finnst mér ef til vill ein þeirra vera sú besta en það þarf ekki að vera svo. Góð námstækni felst ekki í því að allir læri á sama hátt heldur að hver og einn finni þá aðferð sem skilar árangri. Kennari og/eða foreldri hefur tilhneigingu til að ætla barni/unglingi að læra á ákveðinn hátt, en sveiganleiki og aðferðir sem höfða til ólíkra skynfæra og gefa tækifæri til ólíkra aðgerða eru sérstaklega mikilvægar þegar lesblindir eiga í hlut. Í samræmi við fjölgreindakenningu Gardners þá sjáum við hvernig fólk sýnir hæfileika á ólíkum sviðum. Það er líklega einn vinur okkar sem heldur oftast ræður í afmælum, annar gerir svo skemmtilegar vísur, til þriðja er leitað ef bíllinn bilar, við fjórða er svo gott að ræða vandamál o.s.frv. Á grunn- og framhaldsskólastigi er tilhneiging til þess að leggja ofuráherslu á að vinna með upplýsingar í rituðu formi. Nemandinn les og nemandinn skrifar. Þar sem texti er lesblindum erfiður er þetta námsaðferð sem hentar flestum þeirra illa.

VARK

Til eru ýmiss konar spurningalistar til að kanna námsstíll nemenda. Neil Fleming er aðalhvatamaðurinn á bak við vefsíðuna www.vark-learn.com. Ef ýtt er á Questionnaire og valið Icelandic í flípanum efst til hægri þá birtist spurningalisti á íslensku, merkja við valkosti, það má vera fleiri en einn við hverja spurningu. Síðan ýta á OK og fá niðurstöður strax. Þegar niðurstöður eru fengnar er hægt að klikka á niðurstöður og skoða ábendingar á íslensku um árangursríkar aðferðir við nám í samræmi við námsstíll. Spurningalistinn er til á mörgum tungumálum. Það er einnig hægt að prenta út spurningalistann en þá þarf að færa niðurstöður inn á þar til gert eyðublað.

Neil Fleming hafði eftirlit með kennslu nemenda á aldrinum 12 – 18 ára í 110 skólum á Nýja Sjálandi á árunum 1977 - 87. Eftir að hafa setið í yfir 9000 kennslustundum komst hann að þeirri niðurstöðu að sumir nemendur lærðu þrátt fyrir mjög slaka kennslu meðan aðrir nemendur lærðu ekki þó kennslan væri mjög góð.¹ Í starfi sínu með nemendum við Lincoln-háskólann þróaði Fleming spurningalista og skilgreindi námsaðferðir nemenda eða þær leiðir sem skila nemendum árangri. Til að gera langa sögu stutta þá komst Fleming að þeirri niðurstöðu að meginnámsstílar væru fjórir. Þá má tákna með bókstöfunum V A R K.² Þessir flokkar skarast að einhverju leyti en þó má sjá megineinkenni á hverjum flokki.

Útskýring á skammstöfuninni VARK:

V = visual = sjón/myndrænar útskýringar

Þeir sem velja þessa leið vilja helst vinna með upplýsingar í formi línurita, mynda, hugkorta, flæðirita og nota ýmiss konar tákn eins og



og önnur sem hægt er að nota í stað orða.



A = aural/auditory = hlustun og tal

Þeir sem velja þessa leið vilja helst vinna með upplýsingar sem viðkomandi „heyrir“.

Þeir sem telja þessa leið ákjósanlegasta telja sig læra best með því að hlusta á fyrirlestur, hljóðsnældur, taka þátt í umræðum, ræða málin í spjallrásum á netinu, útskýra með orðum.

R = Read/write = lestur/skrift

Þeir sem velja þessa leið vilja helst vinna með orð (texta – ritað mál).

Langskólagengnir menn velja oft þessa leið (svo sem við er að búast). Þeir vilja helst taka við upplýsingum og láta þær frá sér sem texta – lestur og skrift – með allri tiltækri tækni, t.d. tölvu.

¹ Fleming, 2001

² VARK, a guide to learning styles

K = kinesthetic = nota hreyfingar/framkvæma/gera

Þeir sem velja þessa leið vilja helst vinna með upplýsingar sem tengja má við eigin reynslu og þjálfun (raunverulega eða sem herminám). Þó þessi leið kalli einnig á aðrar leiðir þá er lykilatriðið tengslin við raunveruleikann ýmist í gegnum reynslu, dæmi, æfingar eða eftirlíkingar.

Samkvæmt Neil Fleming³ virðast 50 – 70% íbúa flestra þjóða velja fleiri en eina aðferð til að vinna með upplýsingar. Fjölhátta aðferðir eru athyglisverðar og mjög breytilegar. Það getur t.d. verið að einhverjum þyki ákjósanlegast að nota aðallega myndir og hlusta/tala eða lestur/skrift og framkvæmd. Öðrum þykir ef til vill best að nota þrjár leiðir eða aðferðir til þess að vinna úr upplýsingum, t.d. myndir, tala/hlusta og framkvæmd. Sumum þykir ein aðferð ekkert betri en önnur, þeir laga aðferðir sínar að aðstæðum hverju sinni. Þeim sem kjósa fjölhátta aðferðir við nám eða meðhöndlun upplýsinga finnst nauðsynlegt að nota fleiri en eina aðferð við nám og í samskiptum. Þeir eru óöruggir ef þeir nota bara einn hátt eða aðferð.

Heildrænn/sundurgreinandi og orða/mynda námsstíll

Til eru ýmsar kenningar um námsstíla. Þessar kenningar taka t.d. mið af persónuleika, hvar einstaklingurinn er staddur í vitsmunabroska (þrepakenningar), áhugahvöt, sjálfsmynd, hugsanaferlum eða sérhæfingu heilahvelanna. Tilly Mortimore, höfundur bókarinnar *Dyslexia and Learning Style*, styðst við kenningar Riding og Cheema sem telja að mismunandi námsstíla megi setja saman í tvo hópa: 1. heildrænan/sundurgreinandi stíll, og 2. orða/mynda stíll.

Með **heildrænum/sundurgreinandi námsstíll** er átt við hvort einstaklingur hafi tilhneigingu til þess að vinna með upplýsingar í heild sinni eða beina sjónum að einstökum atriðum sem mynda heildina. Öfgafullur heildrænn námsmaður er á öðrum enda öxulsins en öfgafullur smáatriða námsmaður er á hinum. Með **orða/mynda stíll** er átt við hvort einstaklingur hugsar og vinnur með upplýsingar í orðum eða myndum. Sá sem er eingöngu maður orðsins er á öðrum enda ássins en sá sem hugsar og vinnur helst með myndir er á hinum endanum. Flestir lenda einhvers staðar nær miðju.

³ Fleming. VARK, Multimodal Study Strategies

Hægt er að meta einstaklinginn eftir því hvort hann hefur tilhneigingu til þess að nálgast viðfangsefni út frá heildinni eða skoða frekar smáatriðin (heildirænn/sundurgreinandi) svo og hvort hann noti frekar orð (hljóðrænar aðferðir) eða myndir (sjónrænar aðferðir) til að taka á móti og láta frá sér þekkingu (upplýsingar).⁴ Í fjórða og fimmta hluta bókar Mortimore eru leiðbeiningar um kennslu- og námsaðferðir sem taka mið af þessum fjórum tegundum námsstíla.

Hægt er að kanna á ýmsan hátt hvaða námsstíll hentar viðkomandi einstaklingi best. Til eru spurningalistar þar sem merkja á við hvaða aðferð svarandi velur að nota við nám og ýmiss verkefni daglegs lífs. Veikleiki þessarar aðferðar er að svarandi getur meðvitað eða ómeðvitað afbakað raunveruleikann, verið ónákvæmur í svörum eða svarað eins og hann heldur að aðrir vilji að hann svari. Slíkir spurningalistar vekja þó nemendur oft til umhugsunar um námsaðferðir sínar. Það er einnig hægt að fylgjast með nemanda til þess að kanna námsstíl hans. Hvaða kennsluáferð virðist skapa spennu hjá nemandanum? Hvenær fylgist hann best með? Mikilvægt er að vera skipulagður í athugun á nemanda. Gátlistar auðvelda athugun og spara tíma. Hér er dæmi um slíkan gátlista:

Dæmi um gátlista

Veldu nokkrar kennslustundir eða verkefnavinnum og fylgstu með eftirfarandi hegðun.

Merktu við í dálkana eftir því sem við á.

Dagsetn. _____ Kennslustund _____ Nemandi _____

Orð/hljóð

Já

Nei

- Fylgir vel munnlegum fyrirmælum
- Getur fylgst vel með upplestri
- Setur fram spurningar
- Hlustar með athygli
- Tekur þátt í samræðum
- Hefur góðan orðaforða – góður í samræðum
- Gengur vel í hópstarfi

⁴ Mortimore, 2003

- Velur að læra af bókum, hljóðsnældum, texta
- Er góður að útskýra
- Þykir gaman að skrifa hjá sér
- Aðrar athugasemdir?

Myndir/sjón

- Vill helst læra af kvikmyndum, teikningum, línuritum o.s.frv.
- Góður að vinna með kort og myndrænar útskýringar
- Notar tákn og myndir til að geyma upplýsingar, t.d.glósur
- Er athugull
- Sér fyrir sér (með innri mynd)
- Góður að rata
- Notar myndrænn orð
- Teiknar mikið
- Aðrar athugasemdir?

Heildrænn/heildarsýn

Já

Nei

- Vill vita skipulag fyrirfram
- Tengir vel saman hugmyndir
- Leitar eftir mynstri og tengslum
- Finnst erfitt að muna smáatriði
- Finnst upptalning og samhangandi röð erfið
- Aðrar athugasemdir?

Sundurgreinandi/smáatriði

- Getur fylgst með rökréttri röðun atriða
- Vill fá skref fyrir skref útskýringar
- Þykir gaman að þrep fyrir þrep þrautalausnum
- Notar upptalningu (lista) að eigin frumkvæði
- Sér ekki vel tengsl og mynstur
- Man vel eftir smáatriðum
- Aðrar athugasemdir?

Ef oft er merkt við nei í orða/hljóða dálkinum og já í mynd/sjón getur það verið merki um myndrænan námsstíl

Ef oft er merkt við nei í heildrænn/heildarsýn dálkinum og já í sundurgreinandi/smáatriða getur það verið merki um sundurgreinandi námsstíl.⁵

Það eru einnig til matsaðferðir í tölvutæku formi t.d. *Cognitive Styles Analysis* eftir Riding. Þá leysir svarandi ýmiss konar verkefni og fær strax niðurstöður.⁶ Það er sama hvaða aðferð er valin til að finna námsstíl nemanda, engin þeirra er fullkomlega áreiðanleg. Hegðun nemanda getur verið breytileg frá degi til dags og bæði spurningalistar og athugun í námsumhverfi geta gefið huglægar niðurstöður. Athugun á námsstíl vekur þó nemanda til umhugsunar um að til eru mismunandi leiðir við að læra. Engin ein leið er betri en önnur en þær geta skilað mismunandi góðum árangri eftir því hver á í hlut. Reynsla höfundar er að eftir athugun á námsstíl með VARK spurningalista er nemandinn opnari og áhugasamari um að skoða hvaða leiðir skila honum árangri. Í viðræðum við nemandann er þá gengið út frá því sem hann telur vera ákjósanlegasta námsstíllinn og skoðað hvernig hægt er að útfæra aðferðirnar til þess að ná sem bestum námsárangri. Nemandinn þekkir sjálfan sig í aðferðunum og það er ekki verið að segja honum hvernig hann eigi að vinna heldur benda á hvernig hægt er að læra í samræmi við hans eigin námsstíl, þ.e. í þá leið eða leiðir sem honum finnst best að nota til þess að vinna með upplýsingar. Nemandi sem virðist með hljóðrænan styrkleika ætti t.d. að leggja áherslu á umræður um námsefnið, láta hlýða sér yfir, nota hljóðsnældur, hann getur átt mjög erfitt með að skrifa og hlusta á kennarann svo betra getur verið að fá ljósrit af glærum. Nemandinn ætti þó að þjálfast sig í veikari hliðum sínum en ef námið á að vera árangursríkt þá verður hann að velja leiðir sem skila árangri. Með fjölbreyttum kennsluháttum, þar sem áhersla er lögð ekki bara á texta heldur hljóð, myndir og virkni þátttakenda, er komið á móts við flesta námsstíla. Líkur er þó á því að kennari hafi tilhneigingu til þess að kenna á þann hátt sem honum finnst best að vinna með upplýsingar. Það er því öllum kennurum hollt að skoða eigin námstíl eða aðferðir við að vinna með upplýsingar og ígrunda hvernig þær endurspeglast í kennsluaðferðunum. Þannig má búast við því að kennara sem

⁵ Mortimore, 2003, bls. 36

⁶ Mortimore, 2003, bls. 40

þykir best að læra með því að framkvæma sé duglegri að virkja nemendur til athafna en kennara sem finnst best að læra af bókum.

Seint mun fást úr því skorið, hversu mikið af hegðun okkar er bundin genum og hvað er mótað af umhverfinu. Líklega er einstaklingurinn fæddur með ákveðna tilhneigingu til námsstíls en þar sem heilastarfsemi barna er sveigjanleg er líklegt að umhverfisaðstæður hafi einnig mikil áhrif. Rannsóknir renna stoðum undir það að fólk hafi tilhneigingu til að nota sömu aðferðir við ólíkar félags- og námsaðstæður en þetta er þó umdeilt. Um leið eru vísbendingar um að námsstíll breytist með aldri og þroska en verði um leið ósveigjanlegri. Rannsóknir benda þó til þess að nám hafi áhrif bæði á boðefni heilans og taugafrumur og þannig geti námsaðferðir einstaklingsins breyst. Við höfum tilhneigingu til þess að endurtaka þær aðferðir sem reynast okkur vel. Meðvitund um okkur sjálf og námsstíll okkar getur ýtt undir sveigjanleika og að við prófum aðrar námsaðferðir en þær sem okkur finnast sjálfsagðar. Eins og það eru til ólíkar aðferðir við að læra eru til mismunandi aðferðir við kennslu. Niðurstöður rannsókna sýna að námsárangur er bestur ef samsvörun er milli náms- og kennsluaðferða. Einnig eru meiri líkur á góðum námsárangri ef nemandi er meðvitaður um námsstíll sinn og þær kröfur sem nýjar námsaðstæður gera til hans og hefur þróað ýmiss konar aðferðir sem hann sem nemandi getur notað og sem eru um leið í samræmi námsstíll hans.⁷

Heimildir

Fleming, Neil. (2001). *Teaching and learning styles – VARK Strategies*.

Fleming, Neil. VARK, Multimodal Study Strategies. (e.d.). Sótt 14. október 2006 af <http://www.vark-learn.com/english/page.asp?p=multimodal>

Mortimore, Tilly. (2003). *Dyslexia and Learning Style: A Practitioner's Handbook*. London and Philadelphia: Whurr Publishers

⁷ Mortimore, 2003, bls. 8 – 10

VARK Categories. *VARK a guide to learning styles*. (e.d.). Sótt 14. október 2006 af <http://www.vark-learn.com/english/page.asp?p=categories>

Hér er fróðleg síða um námsstíla http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namsstilar_dunn/

Vefslóðir með upplýsingum um námsstíla – learning styles

Dunn og Dunn eru viðurkenndir fræðimenn á þessu sviði – upplýsingar á

<http://www.learningstyles.net/>

Viðbótarupplýsingar um vefsíðuna VARK sjá [http://www.linguanet-](http://www.linguanet-europa.org/plus/is/resources/DocMng?event=VIEW&file=2173)

[europa.org/plus/is/resources/DocMng?event=VIEW&file=2173](http://www.linguanet-europa.org/plus/is/resources/DocMng?event=VIEW&file=2173)